



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2014

1412023SA GB/pbj
Málalýkill: 401

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bættu hljóðvist, 209. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar um ofangreint mál.

Sambandið fagnar því að lögð hafi verið fram á Alþingi þingsályktunartillaga um bættu hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilhávaða í kennsluhúsnæði. Um er að ræða mikilvægt mál sem snertir stóran hóp einstaklinga.

Almennt um málefnið

Í 3. gr. gildandi reglugerðar um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009, sbr. reglugerð nr. 599/2014, kemur fram að tryggja skuli nemendum og starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi, þ. á m. varðandi hljóðvist. Þrátt fyrir það virðist ljóst að víða hafi ekki verið hugað nægilega vel að því að tryggja góða hljóðvist í námsumhverfi barna. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni hafa margar rannsóknir sýnt fram á að hávaði geti haft neikvæð áhrif á líðan og námsfærni barna og unglinga svo sem lesskilning og málþroska.

Sambandið, Kennarasamband Íslands (KÍ) og Valdís Jónsdóttir, radd- og talmeinafræðingur, hafa haft með sér samstarf um að bæta hljóðvist og draga úr hávaða í skólum og vekja athygli á mikilvægi raddverndar og raddbeitingar. Sú vinna fer fram á grundvelli bókunar með kjarasamningi Félags leikskólakennara og sambandsins frá 2011 og samhljóða bókun sömu aðila frá árinu 2006. Helsta afurð þess samstarfs er útgáfa handbókarinnar, *Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun*¹ en auk fyrrnefndra samstarfsaðila komu Vinnueftirlitið og Mannvirkjastofnun að útgáfunni. Handbókin var gefin út sl. haust og var hún send öllum leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum landsins sem og öðrum hagsmunaaðilum, s.s. rekstraraðilum skóla, ýmsum stofnunum og samtökum. Þá hafa sambandið og KÍ tekið saman lista yfir hagnýt ráð til að draga úr hávaða í skólum.² Þar er bent á ýmis ráð til að bæta hljóðvist sem mörg hver eru einföld í framkvæmd og án mikils tilkostnaðar.

¹ <http://www.samband.is/tidindi/7.-tbl.-2014/kennsluumhverfid/>

² <http://www.samband.is/media/skolamal/Urraedi-vegna-havada-i-skolum.pdf>



Samstarfsaðilar hafa hvatt Samtök heilbrigðisefntilvitssvæða á Íslandi og Vinnueftirlitið til þess að hefja samstarf um mælingar og miðlun úrræða vegna hávaða í leik- og grunnskólum landsins. Einnig var sent bréf til kennaramenntunarstofnana þar sem athygli var vakin á mikilvægi þess að huga að raddbeitingu og raddvernd í grunnnámi kennaranema og í endurmenntun starfandi kennara.

Efni tillögunnar

Sífelld meiri áhersla er lögð á bættan námsárangur í skólakerfinu, sbr. t.d. efni Hvítbókar menntamálaráðherra um umbætur í menntun. Ljóst má vera að huga þarf að mörgum þáttum í skólakerfinu til að bæta námsárangur. Meðal þeirra er námsumhverfi nemenda og þar skiptir hljóðvist verulegu máli. Góð hljóðvist hefur bæði áhrif á líðan og námsárangur nemenda.

Efni tillögunnar er einnig þýðingarmikið vegna þeirrar hliðar sem lýtur að raddvernd kennara og nemenda. Þar sem mikill erlshávaði er þurfa einstaklingar að yfirgnæfa hávaðann. Það getur leitt til raddvandamála, s.s. hæsis og hnúta á raddböndum. Samhliða þessu hefur verið nefnt að kennsla í réttari raddbeitingu þurfi að vera hluti af kennaranámi og standa til boða á námskeiðum fyrir starfandi kennara. Að mati sambandsins er þetta þáttur sem þyrfti almennt að fá aukið vægi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að skipaður verði starfshópur fulltrúa frá ráðuneytum, sambandinu og ýmsum hagsmunaaðilum. Sambandið bendir á að þörf er á því að fulltrúar frá Samtökum heilbrigðisefntilvitssvæða og Vinnueftirlitinu eigi jafnframt sæti í starfshópnum vegna hlutverks þeirra við mælingar á hávaða í kennsluhúsnæði og á vinnustöðum.

Fram kemur að verkefni starfshópsins sé að „tryggja að erlshávaði í kennsluhúsnæði skaði ekki rödd og heyrn nemenda, kennara og starfsmanna og hafi ekki neikvæð áhrif á líðan og námsfærni nemenda“. Sambandið telur að betur fari á því að verkefni hópsins verði að „kanna hvernig best megi tryggja...“. Þá kemur fram í tillögunni að hópnum verði falið að leggja til nauðsynlegar úrbætur og jafnvel gera tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Sambandið telur æskilegt að orða verkefni hópsins með skýrari hætti. Hvað varðar tillögur til úrbóta, sem starfshópurinn kann að leggja til á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga um umfang vandans, þá er að mati sambandsins mikilvægt að þeim verði forgangsraðað á raunhæfan hátt m.t.t. kostnaðar við framkvæmd þeirra. Jafnframt verði ábyrgð einstakra aðila á úrbótum skýrð eftir fremsta megni.

Tillaga að breytingu á orðalagi 1. mgr. þingsályktunartillögunnar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp sem fái það verkefni að [kanna hvernig best megi] tryggja að erlshávaði í kennsluhúsnæði skaði ekki rödd og heyrn nemenda, kennara og starfsmanna og hafi ekki neikvæð áhrif á líðan og námsfærni nemenda. Í þeim tilgangi verði hópnum falið að leggja til nauðsynlegar úrbætur [á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem liggja fyrir um umfang vandans] og jafnvel gera tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum sé þess þörf. [Starfshópurinn skal forgangsraða



þeim tillögum sem gerðar eru til úrbóta, m.a. með hliðsjón af kostnaði við framkvæmd þeirra. Jafnframt skal tilgreina ábyrgð einstakra aðila á framkvæmd tillagnanna.]“

Að lokum

Sambandið telur mikilvægt að þingsályktunartillagan nái fram að ganga á Alþingi. Um er að ræða sérstakt tækifæri til að vinna á breiðum grunni að því brýna málefni sem bætt hljóðvist í kennsluhúsnæði er.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs